

MOSFELLINGUR

12. tbl. 7. árg. föstudagur 3. október 2008. Dreift frítt inn á öll heimili og fyrirtæki í Mosfellsbæ, á Kjalarnesi og í Kjós



AFTURELDING UPP Í 1. DEILD

Myndir/Magnús Már Einarsson

EIGN VIKUNNAR

Stórikriki - auðveld kaup

 **EIGNAMIDLUN**
Mosfellsbæ




Fallegt og vel skipulagt 219,5 fm endaraðhús á tveimur hæðum og með innb. bílskúr. Húsið skiptist í anddyri, stofur, eldhús, snyrtingu og innbyggðan bílskúr. Á efri hæð eru þrjú svefnherbergi, baðherbergi og sjónvarpsherbergi (sem mætti auðveldlega nýta sem herbergi). Hagstæð fjármögnun.

V. 50,9 m.



Kjarna • Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær • S. 586 8080
Einar Páll Kjærnested, lögg. fasteignasali • www.fastmos.is, www.eignamidlun.is



100% Speltbrauð

MOSFELLSBAKARI

RÉTTINGAVERKSTÆÐI

Jóns B. ehf

Flugumýri 2 Mosfellsbæ
Símar: 566 7660 og 697 7685
jonrett@internet.is



Vottað verkstæði

CABAS
tjónaskoðun

Þjónustuverkstæði - útvegum bílaleigubíla



MOSFELLINGUR

mosfellingur@mosfellingur.is
www.mosfellingur.is

Útgefandi: Mosfellingur ehf.
Skeljatanga 39, sími: 694-6426
Ritstjóri og ábyrgðarmaður:
Hilmar Gunnarsson
Blaðamaður: Ruth Örnólfsdóttir
ruth@mosfellingur.is
Umbrot og hönnun: Mosfellingur
Prófkörk: Hjördís Kvaran Einarssdóttir
Ljósmyndari: Magnús Már Haraldsson
Prentun: Prentmet, 3500 eintök
*Tekið er við aðsendum greinum á netfangið
mosfellingur@mosfellingur.is og skulu þær
ekki vera lengri en 500 orð.*
**Mosfellingur kemur út að
jafnaði á þriggja vikna fresti.**

Næsta blað kemur út 24. okt.

Léttvín í matvörubúðir

Það hlýtur að renna upp sá dagur, fyrr eða síðar, að maður geti farið út í búð og keypt sér bjór eða léttvín í sömu ferð og aðra hluti máltíðarinnar. Þetta er náttúrulega bara tímaskekkja á tímum frjálsra viðskipta.



Hvað höldum við Íslendingar eiginlega að við séum? Eyjaskeggjar, hérna lengst út í ballarhafi

Hilmar Gunnarsson, ritstjóri

þar sem vínmenningin telst kannski ekki upp á marga fiskana. Ég held það saki ekki að fara að fordæmi nágrannaþjóða okkar og slaka aðeins á reglugerðum í kringum léttvínið og kenna svo jafnvel fólki að umgangast það í leiðinni.


Auðvitað er enginn að biðja um Aðbónus- eða Krónubjór, hvað þá minna úrval eða hærra verð en öllu má nú ofgera.

Þetta minnir á ástandið fyrir tæpum 20 árum þegar bjórin var loks leyfður á nýjan leik. Fór þá allt til fjanans? Nei, síður en svo.



Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU...

...þegar Karlaóróinn Stefnir setti upp slaufu og söng á vortónleikum árið 1984. Á myndinni má sjá karlana ásamt kórstjórnandanum Helga R. Einarssyni (með bindi) en hann stjórnaði kórnum árin 1983-1987. Stefnir var stofnaður 15. janúar 1940 og voru stofnfélagar 20. Söngstjóra Stefnis í gegnum tíðina hafa verið nokkrir, fyrstur var það Oddur Andrés�on á Hálsi í Kjós, en síðar tóku við þeir Gunnar Sigurgeirsson, Páll Halldórsson og Birgir Halldórsson. Lárus Sveinsson tók við stjórn kórsins árið 1975 og stjórnaði honum í 25 ár, að undanskildum fjórum árum. Lárus lést árið 2000, og þá tók Atli Guðlaugsson við. Hann lét af störfum í fyrra og Mývetningurinn Gunnar Ben tók við. Stefnir æfir jafnan í kjallaranum í Brúarlandi en þar fór einmitt fyrsta söngskemmtun þeirra fram fyrir hátt í 70 árum síðan.



HÉÐAN OG ÞAÐAN



UPPSKERUHÁTÍÐ AFTURELDINGAR

Laugardaginn 4. október
í íþróttahúsinu að Varmá



Kl. 10 - Íþróttahátíð fyrir 10 ára ('98) og yngri
Öll börn sem skráð voru í deildum félagsins 2007-2008
fá gjöf fyrir þátttöku í íþróttum. (Á meðan birgðir endast)
Íþróttanammi fyrir alla
Frítt í sund með leiðbeinendum frá sunddeild kl. 12-13

Kl. 15 - Verðlaunaafhending fyrir 11 ára og eldri
Verðlaunaafhending í öllum deildum
Íþróttakarlar og íþróttakona deilda
Íþróttakarlar og íþróttakona Aftureldingar
Kaffiveitingar að lokinni athöfn

lökendur mæti í Aftureldingargallanum fyrir myndatöku!
Aðalstjórn Aftureldingar

PÍLUS

MOSFELLSBÆ

Hársnyrting - verslun

Við skerum hárið
skapléttar
skemmtilegar týpur
á Pílus færðu pottþéttar
permanent og strípur.

www.pilus.is

Hársnyrting og verslun Þverholti 2 Kjarna Mosfellsbæ S:566 6090



Pórunn í hóp heiðursfélaga

Kvenfélag Kjósarhrepps tók á dögnum nýja konu í hóp heiðursfélaga, en það er regla innan félagsins að heiðra félagskonur þegar þær hafa náð 70 ára aldri. Á þessu ári var það Steinunn Þorleifsdóttir á Meðalfelli sem hlotnaðist sá heiður, en í samfleytt 45 ár hefur Steinunn verið ein af máttarstólpum félagsins. Félagið hefur í gegnum tíðina þjónað sveitungum á ýmsan veg og af margvíslegu tilefni eins og flestir vita, og verið þannig stór partur af þeim menningarviðburðum sem fram hafa farið í sveitinni. Með Steinunni á myndinni eru stjórnarkonurnar Dóra og Sigurbjörg.



Varmársamtökin efna til málþings

Mánudagskvöldið 13. október kl. 20.30 verður málþing í Listasal Mosfellsbæjar í Kjarna, Þverholti 2. Lagning Tunguvegar verður til umræðu á þessum opna fundi Varmársamtakanna. Dr. Ólafur Arnalds, jarðvegsfræðingur og Valdimar Kristinsson, blaða- og hestamaður, munu vera með framsögu á fundinum og fjalla um áhrif vegarins á umhverfi sitt.

KIRKJUSTARFIÐ

www.lagafellskirkja.is



Nemendur Krikaskóla voru duglegir að hjálpa til við fyrstu skóflustunguna Hafist handa við Krikaskóla

Fyrsta skóflustungan að nýjum og byltingarkenndum skóla, Krikaskóla, var tekin á dögnum. Skólinn er fyrir eins til níu ára börn sem er nýr valkostur í skólakerfinu á Íslandi. Stefnt er að því að skólinn hefji göngu sína í nýju húsnæði haustið 2009 og verða þá tekin inn 200 börn. Skólinn tók til starfa í sumar í tímaþundnu húsnæði við Gerplustræti í Helgafellshverfi þar sem nú eru um 45 börn.

Krikaskóli er sniðinn að þörfum nútímasamfélags, en þar verður boðið upp á samfelldan skólalag frá hálf átta til rúmlega fimm.

Einstakt tækifæri

Haldin var samkeppni um þróun skólafestu Krikaskóla fyrir á árinu og vinningstillagan, sem unnin var af hópi sem kallar sig Bræðingur, gengur út á grunnhugmynd skólans um lýðræðisleg vinnubrögð, einstaklingsmiðað nám og að efla reynslu og virkni barnsins með því



Þrúður Hjelm, skólastjóri Krikaskóla, í góðum félagsskap nemenda við skóflustunguna.

að bjóða því upp á raunveruleg verkefni og viðfangsefni.

„Þetta er einstakt tækifæri til að hafa áhrif á hönnun skólans, byggingu og skólalóð, um leið og unnið

er að hugmyndafræði skólans, þannig að skólabyggingin styðji þær aðferðir og leiðir sem farnar verða í skólafestu,“ segir Þrúður Hjelm skólastjóri Krikaskóla.



Guðni með Marteini Magnússyni bæjarfulltrúa og Haraldi Sverrisson bæjarstjóra.

Guðni Ágústsson formaður Framsóknarflokksins Til móts við Mosfellinga

Guðni Ágústsson kom í heim-sókn í Mosfellsbæ í síðustu viku. Hann heimsótti m.a. Lágafellsskóla, Reykjalund, dvalarheimili aldraðra og bæjarskrifstofur og var allsstaðar vel tekið. Guðni fundaði einnig með Haraldi bæjarstjóra og Marteini bæjarfulltrúa Framsóknarmanna.

Heimsóknin endaði með fjölmennum fundi í félagsheimili Framsóknarflokksins um kvöldið þar sem Guðni fór yfir stöðu þjóðmála.



Marteinn og Guðni ræða við starfsfólk Reykjalundar á ferð sinni um bæjarfélagið.

Helgihald næstu vikur:

Sunnudaginn 5. okt

Taize guðsþjónusta kl. 20
Sunnudagaskólinn í Lágafellskirkju kl. 13

Sunnudaginn 12. október

Guðsþjónusta í Lágafellskirkju kl. 11
Sr. Ragnheiður Jónsdóttir sett inn í embætti sóknarprests
Sunnudagaskólinn í Lágafellskirkju kl. 13

Sunnudaginn 19. október

Meningardagur í Kirkjum í Kjalarnessprófastsdæmi.
Guðsþjónusta kl. 11
Vorboðarnir, kór eldri borgara, syngur.
Sunnudagaskólinn í Lágafellskirkju kl. 13

KRISTIN ÍHUGUN

Kynning um og kennsla í Centering prayer verður haldin í

Safnaðarheimili Lágafellssóknar, Þverholtli 3, 3. hæð miðvikudagana 8. og 15. október kl. 19.30 – 21.30. Kynningu annast Sigurbjörg Þórgrímsdóttir, leiðbeinandi í Centering prayer.

SÓKN Í SÓKN

– LIFANDI SAMFÉLAG
Vertu með í sókninni!

**TÓNLISTARPERLUR OG TEXTAR LAXNESS
Á NÝJUM GEISLADISKI**

... OG FJÖLLIN URÐU KYR



**HÓPUR FRAMÚRSKARANDU LISTAMANNA FLYTUR
DAGSKRÁ FLÉTTAÐA ÚR TÓNLIST, KVÆÐUM HALLDÓRS
LAXNESS OG FRÁSÖGNUM ÚR MOSFELLSSVEIT.**

**SÖLUSTAÐIR:
GLJÚFRASTEINN · BÓKASAFN MOSFELLSBÆJAR · ÞJÓNUSTUVER MOSFELLSBÆJAR**



Fyrsti heimaleikur á laugardaginn

Fyrsti heimaleikur Aftureldingar í handboltanum fer fram á morgun, laugardag, gegn ÍBV. Leikurinn hefst kl. 13 en leikið verður í gamla salnum að Varmá. Strákarnir hafa sigrað tvo fyrstu leikina gegn Þrótti og Fjölni á útivelli.

Ljóst er framundan verður hörð baráttu á 1. deild þar sem nokkur lið eiga eftir að gera tilkall til úrvaldeildarsætis á næsta ári. Dregið var í bikarkeppninni á dögunum þar sem Afturelding sendir þrjú lið til keppni.

5. okt. Afturelding 3 - Gróttu

7. okt. ÍR - Afturelding

10. okt. KS - UMFA 2 (Jumboys)



Þórunn dregin úr lukkupottinum

Viðskiptavinir Glitnis sem eru í Námsvild eiga kost á bílprófsstyrk. Í hverjum mánuði dregur Glitnir úr lukkupotti þá viðskiptavini sem eru í Námsvild og verða 17 ára í þeim mánuði. Afmælisbarnið ágústmaðar kom úr Mosfellsbæ og heitir Þórunn Gísladóttir. Hún fær að launum bílprófsstyrk að upphæð 50 þúsund krónur.

Á myndinni tekur Þórunn við bílprófsstyrknum úr hendi Sigríðar Jónsdóttur útíbússtjóra Glitnis í Mosfellsbæ.

ELDRI BORGARAR



Mosfellsbær undirritar Evrópusáttmála um jafnrétti Jöfn staða kvenna og karla

Mosfellsbær var fyrstur sveitarfélaga á Íslandi til að gerast aðili að Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum. Skrifað var undir sáttmálann á jafnréttisþingi í Hlégarði þann 18. september og verður sá dagur héðan í frá árlegur jafnréttisdagur Mosfellsbæjar.

Sáttmálinn spannar öll svið sveitarfélagsins þar sem þörf er talin á jafnréttisaðgerðum, frá félagsþjónustu til skipulagsmála. Lögð er áhersla á samþættingu kynjasjónarmiða á öllum stigum og að tryggja jafnan aðgang kynjanna að ákvörðunartöku og þjónustu.

Misrétti og launamun útrýmt

„Með því að skrifa undir Evrópusáttmálann er Mosfellsbær að heita því að gera allt sem í sínu valdi stendur til þess að útrýma launamun

Til heiðurs Helgu

Þingið var haldið á fæðingardeggi Helgu J. Magnúsdóttur. Í ár eru 50 ár síðan Helga settist fyrst kvenna í stól oddvita í Mosfellsþreppi. Helga fæddist árið 1906 og lét sig ávalt varða málefni kvenna í sveitarfélaginu.



kynjanna sem og öðru misrétti sem kann að leynast innan okkar eigin sveitarfélags,“ segir Haraldur Sverrisson bæjarstjóri. Mosfellsbær mun láta fara fram úttekt á launamun kynjanna hjá Mosfellsbæ auk þess sem hafinn er undirbúningur að nýrri mannaútsstefnu.



Haraldur Sverrisson bæjarstjóri skrifar undir Evrópusáttmálann í Hlégarði.



Salóme Þorkelsdóttir ræðir um áhrifakonuna Helgu J. Magnúsdóttur.



Steinunn Marteinsdóttir með sýningu ...þar gala gaukar

Steinunn Marteinsdóttir hefur opnað sýningu á málverkum sínum í Listasal Mosfellsbæjar. Á sýningunni, sem ber heitið „Þar spretta laukar, þar gala gaukar“, sýnir Steinunn olíumálverk á striga sem sprottin eru út frá hughrifum frá náttúrunni og tengslum mannsins við hana. Sýningin er sú fyrsta á nýju starfsári Listasalarins og stendur til 18. október og er aðgangur ókeypis.




Fjölmargir gestir mættu á opnun málverkasýningar Steinunnar á Hulduhólum.

BÍLSKÚRAR • SVALIR • BAÐHERBERGI • STOFUR • ELDHÚS • VERSLANIR • IÐNAÐARHÚSNÆÐI


Steinteppi & epoxy gólfefni



ARININN



ELDHÚSIÐ



VINNUSTAÐURINN



SteinTeppi.is

Sími 864 6600

www.steinteppi.is | steinteppi@steinteppi.is

Leikhúsfærð í Borgarleikhús á sýninguna „Fló á skinni“, verður miðvikudaginn 15. okt.

Miðar verða seldir á skrifstofu félagsstarfsins Hlaðhömrum frá 2. okt. kl. 13-16.

Postulínsmálning!

Námskeið hefst laugardaginn 11. okt. kl. 11.

Leikfimi byrjar 6. okt. kl. 14.10.

Fríur tímar fyrir eldri borgara í Mosfellsbæ.

Bókbænd, námskeið byrjar þriðjudaginn 7. okt. kl. 13. Mjög góður leiðbeinandi.

Línudans, námskeið byrjar miðvikudaginn 8. okt. kl. 17.

ATH: Allir þessir tímar fara fram í kjallara Hlaðhamra. Uppl. og skráningar eru á skrifstofu félagsstarfsins og í síma 5868014 kl. 13-16



FERSKT BLÓÐ

Álafosskórinn vill bæta við sig fersku og áhugasömu söngfólki í allar raddir.

Öflugt félagsstarf. Góður andi.

Upplýsingar gefur Helgi R. Einarsson í síma 868-9790



Gaman í garðinum. Þjálfarinn Axel Óskar með aðstoðarmanni sínum Andra Frey á hægri hönd.

Axel Óskar 10 ára er ungur athafnamaður

Æfingar í garðinum

„Pabbi smíðaði mörk í garðinn í sumar þannig að ég hélt nokkur fótbolta námskeið fyrir strákana í Reykjakoti,“ segir Axel Óskar Andrésón sem hafði í nógu að snúast í sumar. Nokkrir drengir í leikskólanum Reykjakoti sóttu námskeiðin hjá Axeli þar sem hann kenndi þeim að rekja bolta, skalla og sitthvað fleira til knattspyrnuíðkunnar. „Ég stefni að því að verða knattspyrnuþjálfari þegar ég verð stór“ segir Axel sem ætlar að halda uppteknum hætti næsta sumar og þjálfu unga og efnilega knattspyrnumenn.



Sjálfbóðaliðar óskast til að „Ganga til góðs“ laugardaginn 4. október

Rauði krossinn þarf að minnsta kosti 2.500 sjálfbóðaliða til að Ganga til góðs laugardaginn 4. október svo að hægt sé að ná til allra heimila á landinu.

Við hvetjum fólk til að sameinast í hressandi göngu og stuðningi við gott málefni. Aðeins er gert er ráð fyrir að hver gangi í um 1-2 klukkustundir, eða eins lengi og hver og einn óskar.

Söfnunarféð rennur óskert til verkefnis Rauða krossins um sameiningu fjölskyldna í Kongó. Það er því sérlega vel til þess fallið að Íslendingar noti tækifærið til að sameinast um að ganga til góðs og leggja sitt að mörkum til að sameina fjölskyldur á átakasvæðum.

Þeir sem ekki sjá sér fært að ganga eru beðnir að taka vel á móti sjálfbóðaliðum Rauða krossins og vera með reiðufé tilbúið til að setja í baukinn.

Mikilvægt er að sem flestir skrái sig fyrirfram á www.raudikrossinn.is, þar eru upplýsingar um söfnunarsköðvar á landsvísi. Nánari upplýsingar eru einnig veittar í síma 570 4000.

Það er von okkar að þú sjáir þér fært að ganga til góðs með okkur laugardaginn 4. október.



Bólusetning gegn inflúensu hefst mánudaginn 13. október

Á Heilsugæslustöð Mosfellsumdæmis verður bólusetting:

Mánudaga: frá kl. 08:15 – 12:00

Þriðjudaga: frá kl. 8:15 – 12:00

Miðvikudaga: frá kl. 13:00 – 16:30

Fimmtudaga: frá kl. 13:00 – 16:30

Allir sem fá bólusetningu þurfa að greiða komugjald á heilsugæslustöðina, en einstaklingar 60 ára og eldri og þeir sem tilheyra eftirtöldum áhættuhópum fá bóluefnið sér að kostnaðarlausu. Munið að framvísa afsláttar- og/ eða örorkuskýrteinum við komuna.

Bóluefnið kostar 700 kr.

Sóttvarnalæknir mælist til þess að eftirtaldir áhættuhópar njóti forgangs við inflúensubólusetningar:

- Allir einstaklingar 60 ára og eldri.
- Öll börn og fullorðnir sem þjást af langvinnum hjarta-, lungna-, nýrna-, og lifrarsjúkdómum, sykursýki, illkynja sjúkdómum og öðrum ónæmisbælandi sjúkdómum.
- Heilbrigðisstarfsmenn sem annast einstaklinga í áhættuhópum sem taldir eru upp hér að ofan.

Lungnabólubólusetningar:

Einstaklingar 60 ára og eldri, á 10 ára fresti .

Einstaklingar með aspleniu

eða aðra ónæmisbælandi sjúkdóma á 5 ára fresti.





Einar Páll
Kjærnested
lögg. faste.sali



Þorleifur St.
Guðmundsson
lögg. faste.sali



Eglína S.
Guðgeirsdóttir



Hildur
Ólafsdóttir



Stjella Hrönn
Ólafsdóttir



Inga María
Ottósdóttir
lögg. faste.sali



Svanbör
Einarsson



Leirvogstunga - nýtt einbýli

Nýtt og vandað 198 fm einbýli með innb. 34 fm bílskúr á góðum stað í nýju hverfi í Mosfellsbæ. Húsið er vel skipulagt, 4 svefnherb, stofa, eldhús, þvottahús og tvö baðherb. Húsið er með fullbúinni lýsingu frá Lumex, málað að innan og tilbúið til innréttinga og án gólfena, þó eru flísar á bílskúr og þvottahúsi. **Skipti möguleg á ódýrari eign! Hagstæð kaup!**
V. 39,9 m.



Lindarbyggð - parhús

Fallegt 154 fm parhús ásamt 23 fm bílskúr innst í botnlanga. Húsið skiptist í forstofu, innra hol, stórar stofur sem eru með mikilli loft hæð, eldhús, þvottahús, baðherbergi og þrjú herbergi auk innbyggðs bílskúrs. Innri hluti stofunnar er sólstofa og úr henni er gengið út á fallega timburverönd með heitum potti og fallegan garð.
V. 42,5 m.



Langitangi - 171 fm einbýli

Mjög fallegt einbýlishús á einni hæð með sambyggðum bílskúr og stórra og gróinni lóð. Flott eldhús, hvítt háglans, með steingráum flisum og granítborðplötu, baðherbergi nýlega endurnýjað með stórum glersturtuklefa, fjögur svefnherb, sjónvarpshol, þvottahús, gestasalerni, stór stofa og borðstofa með arni og timburverönd og skjólgóður garður. **Skipti möguleg á ódýrari eign!**
V. 54,8 m.



Hlíðarás - fallett parhús

Fallegt 163,4 fm parhús á 2 hæðum með innbyggðum 27,8 fm bílskúr með fallettu útsýni. Húsið er allt mjög vandað og ekkert til sparað, mjög stórt alrými, en þar er eldhús, borðstofa, stofa og sólstofa. Stórt hjónaherbergi með fataherbergi og gott húsbóndaherbergi. Fallegt baðherbergi, sér þvottahús og bílskúr með milli lofti. Lóð er til fyrirmyndar - hellulagt bílplan og stórar timburverandar með skjólgirðingu.
V. 44,9 m.



Þrastarhöfði - fallett einbýli

Mjög fallegt og vel skipulagt 184,7 fm einlyft einbýlishús með innbyggðum bílskúr sem skiptist í forstofu, gang, fallett eldhús, stofu, fjögur rúmgóð svefnherbergi, baðherbergi með hornbaðkeri og sturtuklefa og 41,2 fm fullbúinn bílskúr. Innréttingar eru úr eik. Eikarparket og flísar eru á gólfum.
V. 61,9 m.



Einriteigur - glæsilegt parhús

Mjög glæsilegt 164,4 fm parhús á einni hæð með glæsilegu útsýni að Esjunni. Húsið er allt mjög vandað og ekkert til sparað, mjög stórt alrými, en þar er eldhús, borðstofa, stofa og sólstofa. Stórt hjónaherbergi með fataherbergi og gott húsbóndaherbergi. Fallegt baðherbergi, sér þvottahús og bílskúr með milli lofti. Lóð er til fyrirmyndar - hellulagt bílplan og stórar timburverandar með skjólgirðingu.
V. 55,0 m.




Þjargartangi - fallett einbýli

Fallegt og vel skipulagt 191,4 fm einbýlishús á einni hæð í litlum botnlanga í grónu umhverfi. Húsið, sem er steinsteyp, skiptist 140,2 fm íbúð og 51,2 fm bílskúr. Í húsinu eru fjögur svefnherbergi. Stór timburverönd og skjólgóður garður. Húsið var mikið endurbætt á síðasta ári.
V. 49,9 m.



Fellsás - glæsilegt parhús

Glæsilegt 184,7 fm parhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Húsið er teiknað af Ingimundi Sveinssyni, arkitekt. Húsið var allt innréttað á vandaðan hátt árið 2003 og hannað af Pétri Birgissyni, innahúsarkitekt. Húsið stendur innst í botnlanga og hátt í landi og er mikið útsýni og víðáttu frá húsinu. Þetta er afar skemmtileg og vel hönnuð eign á flöttum stað.
****V. 51,9 m.****



Akurholt - 300 fm einbýli

Tvílyft 300 fm einbýlishús sem er með möguleika á aukaíbúð í kjallara. Á efri hæðinni er forstofa, hol, stórar stofur, tvö herbergi, fataherbergi (snyrting) og baðherbergi. Á neðri hæðinni er forstofa, hol, þvottahús, tvö til þrjú herbergi, eldhús, annað þvottahús og geymsla. Stór og falleg lóð. Eign sem hefur ýmsa möguleika.
V. 65 m.



Grenibbyggð - raðhús

Glæsilegt 164 fm endaraðhús á tveimur hæðum, auk risherbergis sem ekki kemur fram í fm tölu hússins. Á jarðhæð er eldhús, stór stofa, sólstofa, þvottahús og salerni, á 2. hæð eru 3 svefnherbergi, sjónvarpshol og fallett baðherbergi og í risi er stórt herbergi. Stórt hellulagt bílplan fyrir framan bílskúr og mjög skjólgóður suðvesturgarður bakatil.
V. 41,9 m.



Fálkahöfði - fallett parhús

Mjög fallegt 132,6 fm 4ra herb., einlyft parhús með innb. 27,2 fm bílskúr. Húsið skiptist í forstofu, þvh., baðh. með kári og sturtu, hol, gang, tvö góð barnah., hjónah., stofu, borðstofu, eldhús og bílskúr með milli lofti. Húsið stendur innst í botnlanga á fallegri og gróinni lóð.
V. 39,9 m.



Spóahöfði - sérhæð

Mjög falleg 208,4 fm efri sérhæð með innbyggðum bílskúr í útjaðri byggðar. Húsið teiknað af Kjartani Sveinssyni. 4 svefnherbergi. Sérsmíðaðar innréttingar, vönduð eldhústæki. Náttúrusteinn og parket á gólfum. Glæsileg útsýni er yfir golfvöllinn, niður að Leirvoginum og út á Faxaflóa og til Esjunar. Mjög stórar verandar eru í kringum húsið. Heitur pottur.
Frábær staðsetning.
V. 63,9 m.



Klapparhlíð - 4ra herbergja

Mjög falleg 97 fm, 4ra herb. endaíbúð á 2. hæð í 3ja hæða fjölbýli. Íbúðin er með eikarparketi og mahony innréttingum. Flísalagt baðherbergi m. sturtu og sérþvottahús. Fluttur staður. **Lækkað verð.** Hagstæð kjör. **V. 24,9 m.**



Skeljatangi - 3ja herbergja

3ja herbergja 84,2 fm íbúð á jarðhæð með sérinngangi og sérgarði við Skeljatanga í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í forstofu, gang, tvö herbergi, geymslu, baðherbergi, eldhús, stofu og kalda útiageymslu. Sameiginlegur garður er snyrtilegur, afgirtur og gönguleið að húsi er hellulögð **V. 23,5 m.**



Hjallahlíð - 4ra herb.

Glæsileg 117,4 fm, 4ra herbergja íbúð á 2. hæð ásamt 24,1 fm bílskúr við Hjallahlíð í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í forstofu, hol, þrjú góð herbergi, baðherbergi með baðkari og sturtu, rúmgott eldhús með fallegri innréttingu, bjarta stofu og fullbúinn bílskúr. Falleg eign á toppstað. **V. 34,9 m.**



Urðarholt - m. bílskúr

Falleg 91 fm, 3ja herbergja íbúð ásamt bílskúr á efstu hæð í 3ja hæða fjölbýli við Urðarholt í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í gang, 2 svefnherbergi, stofu, eldhús, baðherbergi og hollgang. Örstatt í alla þjónustu. **V. 24,9 m.**



Tröllateigur - 4ra herbergja

Mjög falleg 121,4 fm íbúð með sérinngangi og sérgarði á jarðhæð miðsvæðis í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í forstofu, stóra geymslu, hol, hjónaherbergi, tvö barnaherbergi, baðherbergi, stóra stofu, borðstofu, eldhús með glæsilegri innréttingu og útiageymslu. Rauðeikarparket og Mustangflísar á gólfum. **V. 31,9 m.**



Spóahöfði - endaraðhús

Glæsilegt 174 fm, 4ra herb. endaraðhús með innb. bílskúr í vinsælu hverfi við golfvöllinn í Mosfellsbæ. Íbúðin mjög björt og skemmtileg, skiptist í þrjú herb. stofu, borðstofu, baðh, eldhús, þvottahús og 26,2 fm bílskúr. Á efri hæð er sjónvarpshol og gott alrymi sem skiptist í dag í vinnuáðstöðu og svefnaðstöðu. Fallegur skjólsæll garður með góðri timburvernd. **V. 46,4 m.**



Klapparhlíð - 4-5 herb.

112,6 fm endaíbúð á 2. hæð í fjölbýli með opnum stigagangi. Íbúðin er teiknuð sem 5 herbergja, en er í dag 4ra herbergja, hægt að breyta aftur. Þrjú rúmgóð svefnherbergi, stofa og gangur með merbau parketi, flísar á baði og þvottahúsi og korkflísar á forstofu og eldhúsi. **Eignin er laus til afhendingar.** **V. 29,5 m.**




Arnartangi - Raðhús

Vel staðsett 4ra herbergja, 94 fm raðhús á einni hæð ásamt bílskúr við Arnartanga. Íbúðin skiptist í þrjú svefnherbergi, lokað eldhús, baðherbergi og stóra stofu. Skjólögður garður í suður með timburvernd. Falleg aðkoma er að húsinu, hellulagð bílapan með snjóbræðslu. **V. 29,5 m.**



Blikahöfði - 4ra herbergja

Sérlega falleg 100 fm, 4ra herbergja íbúð á 3. hæð. Íbúðin er mjög fallega innréttuð, mahony fataskápum í herbergjum. Úr stofu er gengið út á stórar svalir í suðvestur með miklu útsýni. **V. 27,5 m.**



Hjallahlíð - 2 herb.

Rúmgóð 64,1 fm, 2ja herbergja íbúð á jarðhæð í litlu fjölbýli með sérinngangi og stór vernd í suður. Íbúðin skiptist í forstofu, gang, rúmgott svefnherbergi, góða geymslu (sem hægt er að nota sem leikherb. eða tölvuherb.), baðherbergi, þvottahús, stofu og eldhús með borðkrók. **V. 19,9 m.**



Klapparhlíð - 5 herbergja

Falleg 112,6 fm, 5 herbergja endaíbúð á efstu hæð í nýlegu þriggja hæða fjölbýli við Klapparhlíð 28 í Mosfellsbæ. Góð stofa, eldhús með borðkrók, baðherbergi m/sturtu, sér þvottahús, 4 svefnherbergi og geymsla. Mahony innréttingar í eldhúsi, baði og svefnherbergjum. Frábær staður stutt í Lágafellsskólasvæðið. Flott útsýni til suðurs og austurs. **V. 29,4 m.**



Klapparhlíð - 2ja herb.

Glæsileg 2ja herbergja 66,6 fm íbúð með sérinngangi og sérgarði á jarðhæð í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í forstofu, rúmgott svefnherbergi, baðherbergi með baðkari, þvottahús, stofu og fallegt eldhús. Innréttingar eru úr mahony og á gólfum er eikarparket og flísar. Mjög stutt er í grunnskóla, leikskóla, sundlaug og World Class, sem og á golfvöll Mosfellsbæjar. **V. 19,6 m.**



Tröllateigur - 3ja herbergja

Mjög falleg 94 fm, 3ja herbergja íbúð á jarðhæð með sérinngangi og afgirtum garði í fallettu fjórbylishúsi. Tvö rúmgóð herbergi, eikarparket og flísar eru á gólfum og innréttingar úr eik. Þetta er falleg og vönduð 3ja herbergja íbúð á góðum stað, stutt í skóla, íþróttasvæði, Bónus og miðbæ Mosfellsbæjar. **V. 26,5 m.**



Klapparhlíð- 50 ára og eldri

Mjög falleg og rúmgóð 2ja herbergja, 90,9 fm íbúð, á 3ju hæð í 4ra hæða lyftuhúsi fyrir 50 ára og eldri. Fallegar flísar og askur á gólfum, baðherbergi með sturtuklefa og handklæðaofni og stórt hjónaherbergi. Mjög fallegt útsýni er úr húsinu og stórar svalir. **Íbúðin er laus til afhendingar strax** **V. 27,5 m.**

Jónas Þórir Þórisson er löngu orðinn landsþekktur fyrir sinn frábæra tónlistarflutning.



Við sitjum við eldhúsbörð-
ið heima hjá Jónasi Þóri
í hjartri og fallegrí íbúð
hans við Tröllateiginn. Hann er
íklæddur sparifötum og vel þúss-
uðum skóm enda nýkominn heim
úr skírnarathöfn. Það fyrsta sem
blaðamaður tekur eftir er hversu
þægilega nærveru hann hefur og
er kurteis með eindæmum, enda
mikill herramaður á ferð.

„Ég byrjaði að læra á fiðlu þegar
ég var átta ára nemandi í Mela-
skólanum og lærði á hana í sjö ár.
Björn Ólafsson konsertmeistari
kenndi mér á þeim tíma og ég
lærði fljótt af honum að maður
þarf að vera með stórt hjarta og
einlægt til að skila tónlistinni frá
sér svo vel sé,“ segir Jónas Þórir er
ég spyr hann um hvenær tónlistar-
áhugi hans hafi vaknað.

„Foreldrar mínir, Jónas Þórir Dag-
bjartsson og Ingrid Kristjánsdóttir,
hafa alltaf verið miklir tónlistarunn-
endur. Faðir minn er bæði fiðlu- og
trompetleikari og móðir mín heitin
var píanóleikari svo það var ávallt
mikið fjór á mínum heimabæ.“

„Systur mínar mér eldri eru þær
Margrét Linda og Kristín og þær
spila báðar á píanó. Ég fékk snemma
á huga á að reyna að herma eftir
þeim og gat setið liðlangan daginn
að pikka á píanóid,“ segir Jónas og
brosir að minningunni.



Börn Jónasar Þóris: Aron Dalin, Egill,
Isold Atla og Viktor Díar.

Tónlistarmaður af Guðs náð



1. Jónas Þórir tveggja ára. 2. Fjölskyldan: Hjónin Jónas Þórir og Ingrid ásamt börnum sínum Margrét
Lindu, Kristínu og Jónasi Þóri. 3. Á fermingardaginn þann 5. apríl 1969.

Vann sem lyftudrengur

„Einn af vinum pabba, Poul Ottó
Bernburg, rak hljóðfæraverslun.
Eitt sinn er við fjölskyldan vorum
í heimsókn hjá Poul og eiginkonu
hans Ingu þá settist ég við orgelið
heima hjá þeim og byrjaði að spila,
ég vildi síðan varla standa upp til að
fara heim þegar að því kom. Daginn
eftir fórum við feðgar í göngutúr og
ég sagði pabba að mig langaði til að
eignast svona rafmagnsorgel, pabbi
svaraði því til að hann ætlaði að
huga málið.“

Næsta dag kom sendibíll heim til
okkar með flott rafmagnsorgel sem
ég fékk að láni frá Hljóðfæraverslun
Pouls, ég gleymi aldrei þeirri
stund. Eftir miklar æfingar á láns-
orgelið útvegaði pabbi mér vinnu á
Hótel Borg sem lyftudrengur og þar
vann ég mér inn fyrir mínu fyrsta raf-
magnsorgeli.“

Tæknileg ráð frá foreldrunum

„Þar sem ég var menntaður í

tónlist á fiðlu en meira og minna
sjálfmenntaður á orgel og píanó þá
tóku foreldrar mínir til sinna ráða.
Mamma kenndi mér tæknileg ráð
og hjá pabba lærði ég að lesa nótur,
þetta var góður skóli sem hefur
nýst mér vel. Seinna kom að því
að ég vildi fá mér stærra orgel og
með námi spilaði ég sem organisti
í Óháða söfnuðinum og fyrir matar-
gesti á Grillinu á Hótel Sögu.“

Bjó sem ungbarn við sjóinn

Jónas Þórir fæddist í íbúð foreldra
sinna að Faxaskjólí í Reykjavík þann
28. mars 1956.

Hann ólst upp í Skjólunum við
sjóinn sem ungbarn en fluttist síðan
að Fornhaga og bjó þar á meðan for-
eldrar hans byggðu sér raðhús við
Kaplaskjólsveginn.

Hann átti yndislega æsku og gekk
í Ísaks-, Mela- og Hagaskóla og fór
eins og margir Vesturbæingar í
Menntaskólann í Reykjavík og varð
stúdent af náttúrufræðibraut vorid

1976. Jónas innritaði sig í Háskóla
Íslands í læknadeild og var við nám
þar í fjögur ár.

Lauk tónmenntakennaraprófi

En af hverju hættir þú námi í Há-
skólanum? „Tónlistin tók alfarið yf-
irhöndina,“ segir Jónas. „Ég settist
aftur á skólabeck í Tónlistarskólanum
og lauk þaðan tónmenntakennar-
aprófi. Ég fór síðan í Tónskóla
Þjóðkirkjunnar og lauk þaðan organ-
istaprófi og að lokum kantorsprófi.
Einnig var ég við orgelnám í Bergen
hjá Karsten Askeland.“

Gott að vinna í bæjarfélaginu

„Það var síðla sumars árið 1999
þegar ég bjó út í Noregi að Sr. Jón
Þorsteinsson safnaðarprestur í Lágafells-
kirkju hringdi í mig út og bauð
mér starf sem organisti safnaðarins.
Ég tók starfinu og flutti búferlum í
Mosfellsbæinn einn góðan veður-
dag árið 2000. Samstarf okkar Jóns
hefur verið mjög gott og við höfum
stundum verið í athöfnum eins og
einn maður. Eins og kannski flestir
vita þá hefur Jón látið af embætti og
er fluttur búferlum til Kanada og ég
kveð hann með söknuði.“

Er eitthvað verkefni sem stendur
upp úr sem þú hefur unnið fyrir
Lágafellssókn eða bæjarfélagið okkar?
„Já eitt af því skemmtilegasta
sem ég hef gert er að vinna að há-
tíðinni aldamótaárið 2000. Þar fékk
ég að semja tónlist og útsetja auk
þess að stjórna Sinfóníuhljómssveit
Íslands. Þessi hátíð tókst einstaklega
vel og var öllum til sóma.“

Nýtur lífsins með börnunum

„Með fyrrverandi eiginkonu
minni, Ásu Elísu Einarasdóttur
lækni, á ég þrjú börn, þau Aron
Dalin fæddan 1988, Viktor Dí-
ar fæddan 1991 og Ísoldu Ötlu
fædda 1994. Þau eru öll í námi
og hafa líka sótt tónlistarnám.
Við Ása skildum árið 1999.“

Með Guðbjörgu Magnúsdóttur
háskólanema á ég soninn
Egil sem er fæddur árið 2001 og býr
í Mosfellsbæ. Leiðir okkar Guðbjargar
skildu árið 2006.

Ég nýt lífsins með börnunum mínum
og þakka guði fyrir að þau eru
heilbrigðar og góðar manneskjur.“

Vinnan fjölbreytt

„Starf mitt í gegnum tíðina hefur
verið einstaklega fjölbreytt og
skemmtilegt. Ég hef verið að spila
með Erni Árnasyni og Spaugstofunni,
einnig hef ég unnið tónlist
fyrir leikhús með Agli Ólafssyni auk
fjölda annarra listamanna. Svo hef
ég verið að vinna leynt og ljóst að
því að koma mínum eigin tónsmíðum
á framfæri en möguleikarnir á
okkar litla landi eru því miður ekki
miklir,“ segir Jónas Þórir.

Nú þegar liður að lokum þessa við-
tals þá verður Jónas við beiðni blaðam-
manns og sest við flygilinn í stofunni
hjá sér og spilar lagið Summertime
og það var ekki við öðru að búast, ég
sveif út eftir að hafa hlustað á þessa
undurfögru tóna.

Myndir: Ruth Örnólfs og úr einkasafni

Foreldrar
verum samtaka



Útivistarreglurnar

Á skólatíma
(1. september til 1. maí)

12 ára börn og yngri mega ekki vera úti eftir kl. 20
13 – 16 ára börn mega ekki vera úti eftir kl. 22

Á sumrin
(1. maí til 1. september)

12 ára börn og yngri mega ekki vera úti eftir kl. 22
13 – 16 ára börn mega ekki vera úti eftir kl. 24

Foreldrar og forráðamenn hafa fullan rétt til að stytta þessa tíma. Útivistarreglurnar eru samkvæmt barnaverndarlögum og mega börn ekki vera á almannaferi utan ofangreinds tíma nema í fylgd með fullorðnum. Bregða má út af reglum þegar börn 13-16 ára eru á heimleið frá viðurkenndri skóla-, íþrótt- eða æskulyðssamkomu. Aldur miðast við fæðingarár.

SAMAN
samanhopurinn.is



www.mos.is

MOSFELLSBÆR

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbæ • Sími 525 6700 • Fax 525 6729

Lóðin Stórikriki 23 er laus til umsóknar

Lóðin Stórikriki 23 í Krikahverfi í Mosfellsbæ
er laus til umsóknar.

Áhugasamir skili inn umsóknum
til þjónustuvæðs Mosfellsbæjar í síðast lagi
föstudaginn 10. október nk.

Umsóknareyðublöð og frekari upplýsingar
er að finna á heimasíðu Mosfellsbæjar
www.mos.is
/Skipulag og framkvæmdir/ Krikahverfi.

Fyrirtæki sem auglýsa í Mosfellingi

stuðla að því að þú fær blaðið frítt inn um lúguna á þriggja vikna fresti

Tökum að okkur alla
almenna jarðvinnu og
yfirborðsfrógang.



JARÐMÓTUN EHF

Flugumýri 184, 270 Mosfellsbæ 5 586 8060 & 892 0989 t-póstur elias@jardmotun.is

VOTTORÐ FYRIR BURÐARVIRKISMÆLINGAR



Fullkomnustu grindarréttinga- og
mælitæki sem völ er á hér á landi

Á vinnubrögðum vorum sést
að vel er hönnuð iðjan
og nýja tækni nýttir best
Nýja Bílasmíðjan

Flugumýri 20
270 Mosfellsbæ
Sími: 566 8200-566 8201
Fax: 566 8202
Netfang: nybil@centrum.is



BÍLAMÁLUN • RÉTTINGAR • BÍLAMÁLUN • RÉTTINGAR

ÞAÐ
SEM
TIL
PARF



VGH

MOSFELLSBÆ

Verktaki - Vélaleiga

GSM: 896 6279 / 896 9443 / 896 2279

ÁGÆTI HUNDEIGANDI

Að gefnu tilefni skal hund eigendum bent á
samþykkt um hundahald í Mosfellsbæ,
(sjá reglugerð á www.mos.is/stjornsysla/samþykktirogrelgur)

4.gr - Almennt um skyldur hundaeigenda:

Hundur skal aldrei ganga laus á almannaferi heldur vera í taumi
í fylgd með aðila sem hefur fullt vald yfir honum.
Á almannaferi er hundaeiganda skylt að fjarlægja saur eftir
hund sinn/hunda sína á tryggilegan hátt.



Fylgst er sérstaklega með
lausagöngu hunda og
þeir hundar fjarlægðir
sem nást lausir á
almannaferi.

Dýraeftirlit Mosfellsbæjar



Yfirfærsla málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga árið 2011

Þann 28. ágúst s.l. var stig- ið fyrsta skrefið mótt nýrri framtíð varðandi málefni fatlaðs fólks. Þá var undirritaður samningur við Reykjavíkurborg um það að hún taki að sér framkvæmd þjónustu fyrir geðfatlað fólk í byrjun næsta árs. Samkvæmt metnaðarfullri stefnumótun félagsmálaráðuneytisins „Mótum framtíð“ er stefnt að því að í kjölfarið fylgi yfirfærsla á þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga eða eins og sagt er í skýrslu á vef ráðuneytisins að:



ad notendum óþægindi hversu mikil nálægð er þar sem slíkt getur ýtt undir neikvæð viðhorf gegn fötludu fólki sem „byrði“ á samfélaginu. Við yfirfærslu leynast tækifæri til breytinga og er stefnumótun ráðuneytisins metnaðarfull og framsækinn.

Þar er meðal annars stefnt að því að árið 2010 búi fatlað fólk almennt í þjónustuíbúðum eða á eigin vegum óháð þeim stuðningi sem það hefur þörf fyrir. Einnig er stefnt að því að árið 2012 verði a.m.k. helmingur starfsmanna í málaflökknum með fagmenntun á sviði fötlunar og þekking, færni, gæði og verklag verði á við það besta sem þekkist í Evrópu.

Fagfólk hefur rætt um að aðskilja húsnæðishluta og stuðningshluta þjónustunnar. Slíkt eykur möguleika á einstaklingsmiðaðri þjónustu. Auk þess er það í takt við þá hugmynd að fatlað fólk eigi val um búsetumöguleika frá eigin húsnæði að sambylí þar sem það getur valið sér hvaða fólk það býr með.

Einnig hafa hugmyndir um notendastýrða þjónustu verið að ryðja sér til rúms þar sem notandinn fær fjármagnið beint til sín og sér sjálfur (eða umbodsmáður hans) um að skipuleggja þjónustuna og ráða starfsfólk. Það eru þó nokkur atriði sem velja má fyrir sér við yfirfærslu sem ógn við metnaðarfullar hugmyndir. Hversu mikið fjármagn

fylgir er stóra spurningin sem flestir spyrja sig að og hvernig verða slíkir tekjustofnar skipulagðir til þess að tryggja að þeir séu bundnir við þessa þjónustu? Hvernig á að mæta smærri, tekjuminni sveitarfélögum til að tryggja möguleika fatlaðs fólks á þjónustu óháð staðsetningu?

Óljóst er hversu langt undirbúningur verkefnis er kominn og ekki hefur farið fram mikil umræða í þjóðfélaginu. Mikilvægt er að hefja hana sem fyrst og erum við framsóknarfólk tilbúin að stuðla að og taka virkan þátt í henni. Til þess þyrfti að halda ráðstefnur þar sem skapaður yrði samráðsvettvangur notenda, aðstandenda, starfsfólks, hagsmunasamtaka, ríkis og sveitarfélaga til kynningar og umræðu á undirbúningi og framkvæmd yfirfærslunnar. Þannig skýrist betur hvert stefnir í nánustu framtíð.

Kristbjörg Þórisdóttir
Höfundur er nemi og er í Framsóknarfélagi Mosfellsbæjar.

...að Sigmar Vilhjálmsson sé farinn að æfa með stórliði Júbboys í handbolta.

...að engar tilnefningar hafi borist vegna jafnréttisviðurkenningar Mosfellsbæjar.

...að viðræður séu hafnar milli golfklúbbsins Kjalar og Bakkakots um sameiningu klúbba.

...að Orange-liðið muni opna pizzastað í gamla bakaríinu. Pizzabakaríið mun opna með eldbakaðar pizzur í lok mánaðarins.

...að fyrrum sveitarstjóra, Jóni á Furuvöllum, og Hauki í Laxnesi hafi lent saman á dögnum en miklar nágrannadeilur hafa staðið yfir í Dalnum. Til handalögmála kom á milli þeirra þar sem naglbítur og sprungin vör komu við sögu.

...að búið sé að skipa í Útsvars-lið Mosfellsbæjar sem mun etja kappi við Árborg þann 7. nóvember. Í liðinu eru Bjarki Bjarna og Tómas C. auk nýs meðlims sem er Sigríður Dögg nýráðinn kynningarstjóri Mosfellsbæjar.

...að pizzastaður muni opna í fyrrum húsakynnum Leikbæjar í Mosanum. Staðurinn muni heita Eldhúsið og bjóða upp á eldbakaðar pizzur.

...að allt hafi farið í háaloft eftir skrif Ívars Ben frá lokahófi silfurdrengjanna í fótboltanum. Ívar hefur látið af skrifum sínum á vef Aftureldingar.

...að Helga og Nilli á Helgafelli gangi í það heilaga í mánuðnum.

...að meðal íbúa í Leirvogstungu búi fjölskylda í hjólhýsi til að spara í kreppunni.

...að Högni Snær og Marta hafi eignast son í síðustu viku.

...að íbúðir aldraðra séu kallaðar Hilton, vegna góðs matar sem jafnan er borinn þar fram.

...að hnifakastarinn svokallaði, sem mikið hefur verið talað um í fjölmiðlum, búi í Töngunum í Mos.

...að saur hafi flætt upp úr klósettum í Rauðumýri vegna skólþbilanna.

...að búið sé að loka heimasíðu bloggðólgans Valda Sturlaugs.

...að íbúar í Lágholti séu búnir að safna undirskriftum og vilji hraðahindrun í götuna.

mosfellingur@mosfellingur.is

Í eldhúsinu



HJÁ ÓLÍNU

Indverskur kjúklingur

Ólína Kristín Jónsdóttir, hjúkrunarfræðingur gefur okkur gómsæta uppskrift að þessu sinni. „Ég fékk þessa uppskrift hjá bestu vinkonu minni sem býr í Skotlandi og þegar ég heimsæki hana er þessi réttur alltaf á borðum og ég bý hann til reglulega.“

Uppskrift fyrir fjóra

3 stórar kjúklingabringur, skornar í 5 cm bita eða 8 beinlaus læri skorin í helminga
1 matskeið sólblómaolía safi úr 1 sitrónu
1 stórt hvítlausrif, marið
1 laukur, mjög fínt skorinn

½ teskeið chili flakes
3 teskeiðar turmeric
2 teskeiðar mulinn coriander
1 teskeið mulið cumín
2 lárviðarlauf (bay leaves)
2 matskeiðar ósæt líkosmjólk
55g appelsínugular linsubaunir
600ml kjúklingasoð
5 matskeiðar hrein jógúrt
100g ferskt spinat, þvegið og rifið

1. Setjið kjúklinginn í helminginn af oliunni, sitrónusafann, hvítlaukinn og kryddið með svörtum pipar. Látið standa.
2. Hitíð afganginn af oliunni á pönnu. Setjið laukinn á pönnuna og sjóðið á



vægum hita í 10 mínútur eða þar til laukurinn hefur mýkst. Bætið við turmeric, coriander, cumín, chili flögum, lárviðarlaufum og líkosmjólkinni og sjóðið í 1 mínútu.
3. Bætið baununum við.
4. Setjið kjúklingasoðið í látið krauma í 10 mínútur. Bætið við kjúklingunum, lækkið hitann og látið sjóða í 10 til 12 mínútur eða þar til er soðið.
5. Bætið spinatinu og jógúrtinu út í og hitið varlega í 1 mínútu. Kryddið til og berið fram með hrísgrjónum og salati. Verði ykkur að góðu!



	Seltjarnarnes	Kópavogur	Kjós	Reykjavík	Mosfellsbær
Upphæð á mánuði	32.000	35.000	32.000	35.000	25.000
Tímabil	Gildir frá lokum fæðingarorlofs, þangað til barnið fær leikskólavist	Gildir frá lokum fæðingarorlofs, þangað til barnið fær leikskólavist	Gildir frá lokum fæðingarorlofs og þangað til að barnið nær 3 ára aldri	Gildir frá lokum fæðingarorlofs þangað til barnið fær leikskólavist	Gildir frá 1 árs aldri barna þangað til að barnið fær leikskólavist

Mosfellsbær rekur lestina!

Hvað eru heimgreiðslur?

Í apríl síðast liðnum byrjaði bæjarstjórn Mosfellsbæjar á að greiða svokallaðar heimgreiðslur, en þær eru beinar greiðslur til foreldra barna á aldrinum 1-2 ára og koma í staðinn fyrir niðurgreiðslu til dagforeldra. Með þessu móti eykst sveigjanleiki í þjónustu við bæjarbúa enda getur hver og einn ráðstafað greiðslunum að vild.

Foreldrar geta t.a.m verið heima með börn sín, notið aðstoðar skyldmenna eða farið með barnið til dagforelda. Allt eftir því hvað hentar. Ennfremur létta heimgreiðslurnar einnig á biðlistum bæjarins eftir plássi hjá dagforeldrum, sem að allir vita sem reynt hafa, að geta verið æði langir. Heimgreiðslurnar koma því barnafólki mjög vel og þær leggja hönd á bagga í rekstri heimilsins.

Mosfellsbær- fjölskylduvænn bær?

Mosfellsbær státar sig af því að vera fjölskylduvænn bær. Þeir hlúi vel að barnafólki. En þegar kemur að heimgreiðslunum rekur Mosfellsbær lestina miðað við önnur



sveitarfélög. Í fyrsta lagi greiðir Mosfellsbær heimgreiðslurnar einungis frá 1 árs aldri barna en ekki frá lokum fæðingarorlofs eins og öll hin sveitarfélögin.

Af hverju stafar þessi munur? Er verið að slá ryki í augu fólks til að láta hlutina líta betur út en þeir raunverulega eru? Hvernig ætlast Mosfellsbær til að fólkl brúli bilið á milli loka fæðingarorlofsins og heimgreiðslanna? Í öðru lagi greiðir Mosfellsbær lægstu upphæðina, eða allt að 10.000 kr lægri upphæð á mánuði.

Í svari við bréfi sem undirrituð sendi Mosfellsbæ og það um útreikninga á því hversu miklu munaði að greiða þessa þrjá mánuði sem að uppá vantaði, kom það á daginn að það kostar bæjarfélagið 10 milljónir króna á ári. Tekjuafgangur Mosfellsbæjar árið 2007 var 543 milljónir króna. Er þessi mikli tekjuafgangur kannski til kominn vegna þess að Mosfellsbær er að stytta sér leið og sýnast betri og fjölskylduvænni en þeir eru?

Lengi býr að fyrstu gerð

Í tengslum við að Reykjavíkurborg hefur einnig ákveðið að taka upp heimgreiðslur hefur sprottið upp umræða um það hvort að heimgreiðslurnar séu afturhvarf til fortíðarinnar og greiðslurnar séu til þess fallnar að nánast einvörðungu konur myndu nýta sér þær og þar af leiðandi dragi úr atvinnuþátttöku kvenna. Þessi umræða á fullan rétt á sér, en það sem að kannski hefur vantað hvað mest í umræðuna er að með heimgreiðslunum hefur viðkomandi val. Hvað hentar barninu best? Það er ekki verið að skipa einum né neinum að vera heima, heldur er valdið í höndum foreldra. Heimgreiðslurnar stuðla að jafnari stöðu foreldra og auðvelda þeim að brúa bilið á milli fæðingarorlofs og leikskólavistar.

Mér finnst það vera forréttindi að fá að vera heima með börnunum mínum. Að mínu viti hefta heimgreiðslurnar ekki foreldra, þær einfaldlega gefa okkur val um það hvað við viljum sjálf gera.

Jóna Björg Ólafsdóttir
móðir í Mosfellsbæ



Kristin íhugun í safnaðarheimilinu

Kynning á íhugunar- og bæna aðferðinni Centering prayer verður í safnaðarheimili Lágafellssóknar Þverholti 3, 3. hæð miðvikudagana 8. og 15. október kl. 19.30-21.30. Um er að ræða tvö samhangandi skipti og er þátttaka ókeypis. Centering prayer er dagleg bænagjörð þar sem Heilagur Andi vekur og styrkir tengsl við Guð. Þetta er eitt einfaldasta form íhugunar- bænna sem um getur og geta allir lært það og stundað. Kynningu annast Sigurbjörg Þorgrímsdóttir, leiðbeinandi í Centering prayer. Í framhaldinu verða síðan vikulegar íhugunar- /bænasamverur á sama stað á miðvikudögum kl. 17.30-18.30. Skráning er í safnaðarheimilinu í síma 566-7113

STARFSFÓLK ÓSKAST

Starfsfólk óskast í kvöld- og helgarvinnu. 18 ára og eldri.

Upplýsingar í síma 690-1999 (Bryndís)

Hrói Höttur
Þverholti 2, Kjarna
Sími: 55-44444



SPURNING TIL BÆJARBUA


Hvenær átt þú afmæli?



VERA OG ALEXANDRA:
16. nóv og 31. mars... party party



HERDÍS: Held upp á afmælið mitt
6. jan með þrettándabrennu.



STEINARR: Ég er að fagna því
núna, 15. september er dagurinn.



LÍNA:
17. apríl.



INGVI: 18. okt, þá verður drukkið
þangað til ég á afmæli aftur.



SIGMUNDUR: 13. des. Engin
veisla plönuð ennþá.



Sjúddirarirrei....



Tveir á skallanum



Silfur-Sæbbi



Allt í hund og kött



Ha? hvað segirru...zzz



Bændurnir í Dalnum



Búnar að missa það



Enn í Dalnum



Maggi og Gunni

HVERJIR VORU HVAR?

Allar myndir eru vel þegnar - mosfellingur@mosfellingur.is



Ringo, Paul, John og George við orðuafhendinguna



Flaskan mín fríð



Manstu ekki eftir mér?



Stelpurnar í hár saman



Nei!!!!!!



'75 árgangurinn



Vel orðað



Hollywood



Skál fyrir dönsku krónunni



13 réttir



Dala-Yrja

Verum vinir
á MySpace!
www.myspace.com/270hvh


TVÍFARAR



HJÓSSI MAELÓ



GUÐMUNDUR
STEPHENSEN



ÍRIS HÓLM

ER NÝ SÖNGKONA

BERMUDA



Laugardagskvöldið

4. október

Garðar trúbbi

opið til klukkan þrjú

Áslákur

GESTRISNI

Ég vinn í fiskbúð og þar kynnist ég mörgu skemmtilegu og lífs-glöðu fólki, jú og einstaka sinn-um leiðinda þésum. Ég fæ oft fólk til mín sem biður mig um ráðleggingar um eldamennsku og undirbúning sem ég reyni að redda eftir bestu getu.

Eina spurningu heyrir ég mjög oft: „Áttu ekki eitthvað gott handa mér, ég er að fá útlendinga í mat?“ Oft er þessi spurning lögð fram af slíkri ákveðni að allir sem í búðinni eru heyra og líklega krakkarnir í sjoppunni við hliðina á líka.

Öll viljum við vera gestrisin og bjóða upp á okkar besta þegar við fáum gesti í mat, að ég tali ekki nú um þegar til okkar koma útlendingar. Þá eru dregnar fram stórkota uppskriftir, dustað af hillunum, stéttin sópuð og spari-stellið dregið fram til að mynda rétta stemmningu. Við viljum hafa það sem flottast fyrir gesti okkar.

Ég hef hinsvegar aldrei verið spurður um „Áttu ekki eitthvað gott handa mér, ég er að fá tengdamömmu í mat?“ eða hvað þá „Áttu ekki eitthvað gott handa mér ég er að fá mömmu og pabba í mat?“. Enda er nú bara hægt að bjóða upp á vatn og hrökkbrauð til handa slíku hyski.

Ágæt frú þar upp þessa skemmtilegu spurningu í sumar og ég benti henni á flottan rétt sem væri frábær á grillið eða pönnuna enda víðraði vel til slíkrar iðju þann dag. Rétturinn sem ég mælti með var marinerður skötuselur í hvítlauk, basil og rós-marín. Frúin var í miklum vafa um þetta val mitt og spurði ertu viss um að „...Ameríkanar borði skötusel?“. Ég sagðist nú vera viss um að það hefði sést til þeirra einu sinni eða tvisvar leggja sér slíkan herra-mansmat til munns enda eru þeir eflaust miklir smekkmenn upp til hópa.

Frúin lagði leið sína til mín nokkrum dögum seinna og skil-aði til mín þakklæti og hrósi enda tókst vel til, og Kanarnir hressir með matinn því hún sagði þeim að þetta væri bara „white fish“ og allar tegundir í sjónum þar ytra sem ekki eru lax, silungur eða tún-fiskur falla undir slíkan flokk.

Næsti kúnni sem spyr mig „Áttu ekki eitthvað gott handa mér, ég er að fá tengdó í mat?“ fær feitan afslátt þó svo að sparistellið verði ekki reitt fram.



Högni Snær

SMÁAUGLÝSINGAR

FRÍTT FYRIR EINSTAKLINGA

Íbúð til leigu

Íbúð til leigu í Arnartanga. 4ja herbergja endaraðhús m/ bílskúr. Áhugasamir hringið í síma: 899-5115 Arna Dís.

Vantar íbúð til leigu

Róleg og reyklus hjón óska eftir 2-3ja herbergja íbúð til leigu í Mosfellsbæ sem fyrst. Vinsamlegast hafið samband í síma: 564-4860, 846-6782 eða 696-3796.

Frakkavíxl í Hlégarði

Ef einhver kannast við að hafa tekið frakka í misgripum eftir lokahóf knattspyrnudeildar laugardagskvöldið 20. september er hann beðinn um að hafa samband við Jón í s. 664-2802.

Áslákur

...opnar aftur eftir breytingar með breyttan opnunartíma

MÁN-FIM: KL. 17-00

FÖS-SUN: KL. 13-00

Ath. opið lengur um helgar ef um uppkomur er að ræða. Hægt er að leiga sal fyrir afmæli og fleira, s. 662-8601



Brotist inn í pylsuvagninn

Á dögnum var brotist inn í pylsuvagn knattspyrnudeildar, Mosfellsbæjarins bestu. Grjóthnallungi var grýtt inn um lúguna en þjófarnir höfðu lítið upp úr krafsinu eða 15 kókdósir. Mosfellingar hafa pulsað sig upp í vagninum á hinum ýmsu viðburðum bæjarins. Framkoma sem þessi er ekki líðandi og ef einhver hefur upplýsingar um verknaðinn er sá hinn sami beðinn um að hafa samband við lögreglu. Vonandi verður pylsuvagninn látinn í friði í framtíðinni svo Mosfellingar geti áfram notið tilveru hans í bæjarfélaginu.

Fyrirtæki sem auglýsa í Mosfellingi

stuðla að því að þú fáið blaðið frítt inn um lúguna á þriggja vikna fresti



B. Markan ehf.

Pípulagnir

660 6690



BÍLAPARTAR

VIÐ HÖFUM ÞAÐ SEM ÞÚ LEITAR AÐ

TOYOTA NOTAÐIR VARAHLUTIR

- NÝJRI HLUTIR
- TÍMAREIMAR
- KERTI
- VIFTUREIMAR
- SMURGIUR
- HREINGEFNI
- BREMSKLOSSAR
- PERUR
- OLJUR



GRÆNUMÝRI 3 - SÍMI 587 7659 - WWW.BILAPARTAR.IS

zur þráðlaust net kaldur af krana c...
holtinn í beinni kaffi risaskjúr samloku
samlokur lasagne heitt súkkulaði

Kaffi- og veitingahús - Háholti 12 - S. 586 8040

rebes pizzur kaffi risaskjúr samlokur
isagne heitt súkkulaði boltinn í beinni
smiokur þráðlaust net kaldur af krana



Viltu betri heilsu?

Leitaðu til ráðgjafa með reynslu

Ragnheiður Jóhannsdóttir
Herballe ráðgjafi í Mosfellsbæ
Sími: 899 9913
betriheilsa.is/ragga, raggasj@gmail.com



ÁLAFOSS

Verslun, Álafossvegi 23

WWW.ALAFOSS.IS



S. 55 44444
Pverholti 2
Kjarna

MOSFELLINGUR

GK
Snyrtistofa

Kjarna
Pverholti 2
Sími: 534 3424



DREGIÐ Í DILKA

Þann 21. september var réttað í Mosfellsdal og Kjós. Á myndinni má sjá bændur og búalið saman komið að Hraðastöðum þar sem farið var yfir fjármálin.

Mynd/Hilmár

Lækkaðu
bensinkostnaðinn
fáðu ókeypis dæluylkil
frá Atlantsolíu.



Mosfellsbær

Sími 591 3100
www.atlantsolia.is

Þjómusta við
Mosfellinga í 19 ár

SELT

Bjartahlíð

Mjög falleg 104 fm. íbúð á jarðhæð auk vandaðs bílskúrs sem er 28 fm. Vandað eldhús með góðum innréttingum. Flott baðherbergi. Sér þvottahús og geymsla. Stór verönd. Röleg og falleg gata.

V. 29 m.

Leirutangi

Hagstætt fermetra verð!!! Mjög falleg og mikið endurnýjuð 92,3 fm. íbúð á jarðhæð með sér inngangi í fjór- býlishúsi við Leirutanga. Nýtt baðherbergi. Nýtt eldhús. Parket á gólfum. Sér garður. Falleg eign í barnvænu umhverfi. Laus í júlí.

V. 21,8

Litlikriki

Efst í hlíðum Krikahverfisins Tvö falleg og vel skipulögð 195 fm raðhús á einni hæð með mikilli lofthæð. Hiti í gólfum. Flottar teikningar. Húsið stendur ofan götu og er skógræktarsvæði í hlíðinni ofan við húsið. Flott staðsetning.

V. 40,9 m.

Krókabyggð

Glæsilegt 221 fm parhús á tveimur hæðum á stórrí og fallegri lóð. Húsið skiptist í þrjú svefn, glæsilegt baðherbergi, sjónvarpsstofu, stofu, eldhús, gestasalerni, þvottahús og 34,5 fm bílskúr. Stórar svalir eru á efri hæð með heitum potti.

Rituhöfði

Fallegt 167 fm. parhús á einni hæð við Rituhöfða. Flott lóð með hellulögnum og varmalögnum undir. Fallegur garður. Innbyggður bílskúr. Tvö baðherbergi og vandaðar innréttingar. Sólþallur með skjólveggjum.

V. 43,9 m.



588 55 30

Pétur Pétursson
löggtur
fasteignasali
897-0047



Grétar J. Stephensen
löggtur
fasteignasali
861-1639

SELT

Bjargartangi

Fallegt og mikið endurnýjað 191 fm einbýlishús á frábærum stað með tvöföldum bílskúr, hellulagðri innkeyrslu og fallegum garði. Vandaðar innréttingar, gólfefni og tæki. Hagstætt áhv. lán að upphæð 36,8 millj.

V. 49,9 m.

Furubyggð

Vandað og vel staðsett 165 fm. parhús mað auka 18 fm. óskráðu risherbergi við Furubyggð í Mosó. Lokuð og gróin gata. 4 svefnherbergi. 2 baðherbergi, Flottur sólþallur. Hellulagt bilaplan. Hagstætt 4,15% lán án vaxtabreytinga.

V. 41,2 m.

Litlikriki - parhús

Glæsilegt 260 fm parhús með innbyggðum bílskúr á góðum stað við Litlikrika. Húsið afhendist tilbúið að utan með grófjafnaðri lóð en tilbúið undir spörslun að innan. Öll skipti koma til greina.

V. 49,9 m.

Hjallahlíð

Glæsilegt 117 fm. neðri hæð auk 26 fm. bílskúrs við Hjallahlíð. Samt. 143 fm. Flottar innréttingar og gott skipulag. Stór sólþallur með skjólveggjum í suður. 3 stór svefnherbergi. Glæsilegt eldhús og baðherbergi. Eign fyrir vandláta.

V. 34,9

SELT

SELT